

GRUNNSKÓLI SNÆFELLSBÆJAR ÓLAFSVÍK



GRÆNFÁNINN SKÝRSLA UM STARF SKÓLANS MARS 2010





Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| 1. Umhverfisnefndin..... | 2 |
| 2. Mat á stöðu umhverfismála | 3 |
| 3. Áætlun um aðgerðir og markmið | 3 |
| 4. Eftirlit og endurmat | 7 |
| 5. Fræðsla | 7 |
| 6. Kynning á stefnunni | 7 |
| 7. Umhverfissáttmálinn | 8 |
| Horft fram á veginn | 8 |
| Fundargerðir 2008-2009..... | 9 |
| Fundargerðir 2009-2010..... | 13 |
| Umhverfisgátlisti..... | 18 |



Grunnskóli Snæfellsbæjar, Ólafsvík

1. Umhverfisnefndin

Í lok skólaársins 2007-2008 fékk Grunnskóli Snæfellsbæjar, Ólafsvík, Grænánann afhentan í fyrsta sinn og þar með leyfi til að flagga fánanum til tveggja ára. Fáninn var afhentur við hátiðlega athöfn þann 23. maí 2008.

Í upphafi nýs skólaárs 2008-2009 var sett á fót ný umhverfisnefnd sem skyldi stýra umhverfisstarfinu næstu tvö skólaárin. Í nefndinni sátu 1 fulltrúi skólastjórna, 2 fulltrúar starfsmanna, 2 fulltrúar kennara og einn nemandi úr hverjum bekk en ekki náðist að skipa í sæti foreldra bæði skólaárin. Einn kennari sat áfram frá fyrra ári og einn skólaliði auk skólastjórna en að öðru leyti komu nýir fulltrúar til starf. Val fulltrúa í bekkjum fór fram með því móti að óskað var eftir framboðum í nefndina og gekk það mjög vel. Farsælast hefur reynst að bjóða þeim sem áhuga hafa, á að gefa kost á sér og því næst er dregið eitt nafn úr potti. Sá sem dreginn er getur ekki boðið sig aftur fram fyrr en allir í bekknum hafa setið í nefndinni.

Umhverfisnefndin á fastan fundartíma og fundarstað í hverri viku og fer það eftir verkefnum hversu oft er fundað.

Umhverfisnefndina 2008-2009 skipuðu eftirtaldir:

Fyrir hönd skólastjórna: Magnús Þór Jónsson skólastjóri
Fyrir hönd kennara: Margrét Sif Sævarsdóttir og Svanborg Tryggvadóttir
Fyrir hönd starfsmanna: Katrín Sigurjónsdóttir

| <i>Fyrir hönd nemenda fram til áramóta:</i> | | <i>Fyrir hönd nemenda frá áramótum:</i> | |
|---|--------------------------|---|----------------------------|
| 5. EEV | Sanjin Horoz | 5. EEV | Óliver Dofri Björgvinsson |
| 6. SJ | Snorri Árnason | 6. SJ | Hrefna Rún Guðbjörnsdóttir |
| 6. MSS | Marteinn Gíslason | 6. MSS | Tómas Leó Sigurðsson |
| 7. GS | Matthías Fred Eggertsson | 7. GS | Agnes Rut Erlingsdóttir |
| 8. ST | Felix Már Herbertsson | 8. ST | Ragnheiður Jóhannesdóttir |
| 9. SHG | Tinna Rut Þrastardóttir | 9. SHG | Katrín Sara Reyes |
| 10. GGS | Guðmundur Jensson | 10. GGS | Telma Herbertsdóttir |
| 10. AA | Hulda Sigurmarsdóttir | 10. AA | Rakel Ómarsdóttir |

Fyrsti fundur umhverfisnefndar þessa skólaárs var haldinn 2. október og fundaði umhverfisnefndin 11 sinnum í heild sinni fyrir utan aðra aukafundi. Það gerir um 1,4 fundi á mánuði.

Umhverfisnefndina 2009-2010 skipuðu eftirtaldir:

Fyrir hönd skólastjórna: Magnús Þór Jónsson skólastjóri
Fyrir hönd kennara: Svanborg Tryggvadóttir og Svandís Jóna Sigurðardóttir
Fyrir hönd starfsmanna: Katrín Sigurjónsdóttir og Sif Svavarsdóttir



Fyrir hönd nemenda fram til áramóta:

| | |
|--------|------------------------|
| 5. SJ | Elmar Ingi Sigurðsson |
| 6. SJS | Elís Orri Rúnarsson |
| 7. ÁGS | Azra Crnac |
| 7. GJS | María Ýr Þráinsdóttir |
| 8. EK | Kjartan Már Kárason |
| 9. ST | Logi Sigursveinsson |
| 10. AA | Margrét Eir Árnadóttir |

Fyrir hönd nemenda frá áramótum:

| | |
|--------|---------------------------|
| 5. SJ | Karítas Bríet Ólafsdóttir |
| 6. SJS | Sigurður Reynir Rúnarsson |
| 7. ÁGS | Ármann Örn Guðbjörnsson |
| 7. GJS | Sævar Þór Reynisson |
| 8. EK | Óttar Ásbjörnsson |
| 9. ST | Jónas Þór Hannesson |
| 10. AA | Lilja Hrund Jóhannsdóttir |

Undirbúningsfundur starfsfólks var haldinn 22. september og fyrsti fundur nefndarinnar var svo 28. september. Það sem af er skólaárinum hefur verið fundað 7 sinnum fyrir utan aðra aukafundi. Það gerir 1 fund á mánuði.

2. Mat á stöðu umhverfismála

Endurmat á stöðu umhverfismála var unnið í marsbyrjun 2010 og var notaður til þess umhverfisgátlisti fyrir skóla á grænni grein sem er aftast í þessari skýrslu.

3. Áætlun um aðgerðir og markmið

Við markmiðasetningu var unnið út frá hugmyndum og áherslum umhverfisnefndarinnar og í framhaldi af því starfi sem þegar var komið í gang.

Markmið Grunnskóla Snæfellsbæjar, Ólafsvík, fyrstu tvö árin sem Grænfánaskóli.

1. Að koma upp heimasíðu fyrir umhverfisstarfið.
2. Að stuðla að snyrtilegri umgengni á útifötum og töskum.
3. Að reglubundin þrif á skólalóðinni fari fram þegar veðurfar leyfir.
4. Að efla / bæta nánasta umhverfi okkar og auka samskipti nemenda út á við í grenndarsamfélaginu.
 - ✓ Endurnýta fatnað og sauma úr honun t.d. innkaupapoka, pennaveski eða litlar töskur.
 - ✓ Kenna eldri borgurum á tölvur til að efla færni þeirra í pappírslausum samskiptum á netinu.
5. Styðja við það starf sem þegar hefur áunnist í innkaupum, flokkun og endurnýtingu.
6. Vinna að grenndarskóginum okkar með gróðursetningu, viðhaldi gróðurs og með skipulagningu. Huga að nafni á grenndarskóginum.

Mat á því hvernig gekk að vinna að settum markmiðum að loknu skólaári 2008-2009

1. Umsjónarmaður tölvumála vann að hönnum heimasíðunnar og gekk sú vinna vel. Vonast til að efni verði sett inn á hana fljótlega.



2. Vinna þarf nánar með skólaliðum í lausnum varðandi umgengni nemenda á útifötum og töskum.
3. Einungis var farið einu sinni út eftir áramót til að þrifa lóðina og það sá 5. bekkur um. Veðurfar setti svo strik í reikninginn þegar átti að fara fram vorhreinsun en það náðist á allra síðustu dögum skólans.
4. Ákveðið var að fara í það verkefni að endurnýta gamlan gallafatnað til að sauma innkaupapoka. Tilgangur verkefnisins er tvíþætt, annars vegar að endurnýta og hins vegar að fá íbúa bæjarins til að minnka notkun á plastpokum við innkaup. Þegar búið verður að sauma pokana munu þeir verða seldir í sölubásum gegn vægu gjaldi og um leið munum við koma á framfæri fræðslu til almennings sem tengist þessu verkefni.

Mjög vel gekk að safna gömlum fatnaði og skreytiefni til að sauma úr en auk þess að leita til heimilanna fengum við gallafatnað frá Rauða Krossinum. Upphaflega var áætlað að þessi vinna tæki eina viku en var hún framlengd um eina viku til viðbótar. Þrátt fyrir það komst verkefnið ekki nógu langt þar sem í raun réðu nemendur ekki eins vel við það og við höfðum gert ráð fyrir. Það sem helst tafði voru vandamál með saumavélar auk þess sem erfitt og tímafrekt er að sauma gallaefni. Að þessum tveim vikum loknum var ljóst að leggja þurfti verkefnið til hliðar og halda áfram með það síðar. Í vorvikunni í lok maí var aftur unnið við töskurnar og gekk það vel. Nú þegar eru um 30 töskur tilbúnar og mjög margar hafa verið skreyttar. Þessar töskur voru hafðar til sýnis á nemendasýningu skólans. Stefnt er að því að halda vinnu við þetta verkefni áfram næsta vetur og ljúka því þá.

Ekki var farið út í að kenna eldri borgurum á tölvur skv. því sem sett var fram í markmiðum.

5. Almennt gengur öll flokkun vel í skólanum og nemendur jafnt sem starfsfólk aðlagast þessari hugmyndafræði vel. Á unglíngastigi er skipulag í gangi þar sem tveir og tveir nemendur sjá um skolun daglega þar til allir hafa skilað sinni vinnu einu sinni og þá er sett upp nýtt skipulag. Dregið er úr nöfnum allra nemenda í 8. – 10. bekk þannig að samvinna nemendanna skarast á milli aldursstiga.
6. Skólinn fékk úthlutað 402 birkiplöntum frá Yrkjusjóðnum sem nemendur á unglíngastigi sáu um að gróðursetja. Upphaflega áttu nemendur á miðstigi að sjá um það en eins og svo oft áður hafði veðurfarið áhrif á það. Auk þess festi nefndin kaup á 50 blágreniplöntum um 50-60 cm háum frá Gleym mér ey í Borgarnesi. Nemendur í 10. bekk sáu um að gróðursetja þessar plöntur og hugmyndin er sú að ár hvert munu nemendur 10. bekkjar sjá um gróðursetningu stærstu plantnanna ár hvert. Nemendur á miðstigi reittu sinu frá eldri plöntum.

Keyptar voru fjórar stunguskóflur og einar hjólbörur til vinnu við skógræktina.



Eign umhverfisnefndar Gsnb, Ólafsvík er því: tvær hjólbörur, tveir vagnar, fjórar stunguskóflur, sex plöntustafir, trjáklippur og trjækurlari ásamt nefndinni á Hellissandi.

Umhverfisnefndin sótti um styrk í Umhverfissjóð Snæfellsness sem hefur sjálfbærni að leiðarljósi. Sótt var um styrk til að skipuleggja útikennslu/athafnasvæði í grenndarskóginum.

Umsókn okkar til Umhverfissjóðs Snæfellsness var samþykkt og þann 5. júní 2009 fóru Svanborg, Margrét Sif og Katrín inn í Stykkishólm til að taka við styrknum en þá var búið að slíta skólanum og enginn nemandi með í för. Stefán Gíslason, Guðrún Bergmann og Sigríður Finsen sitja öll í stjórn Umhverfissjóðsins og tóku þau á móti okkur í Vatnasafninu þar sem afhending styrkjanna fór fram. Við fengum 200.000,- kr í styrk.

Þann 10. júní var haft samband við Auði Sveinsdóttur sem er yfir Umhverfis-skipulagsnáminu í Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri og viðruð var við hana sú hugmynd að fá aðstoð hjá þeim við að skipuleggja það svæði sem verði notað til útikennslu. Auði fannst þetta spennandi og nefndi þann möguleika að þetta gæti verið nýtt sem verkefni sem lagt yrði fyrir hóp nemenda á ákv. stigi eða sem BS-verkefni fyrir 3. árs nemanda. Að öðru leyti gat hún lítið sagt til um þetta strax þar sem skólahaldi var að ljúka þá dagana og kennarar að fara í frí. Líklega verður þráðurinn tekinn upp í haust.

- Sú nýbreytni var tekin upp hjá Landvernd í vetur að boða fulltrúa Grænfánaskólanna saman á landshlutfundi til skrafs og ráðagerða. Grunnskóla Snæfellsbæjar var falið að koma með kynningu á starfi okkar á fund sem haldinn var á Varmalandi. Fyrir hönd okkar fóru Laufey Kristmundsdóttir og Lilja Stefánsdóttir og sýndu þar glæruefningu sem tók á öllum helstu atriðunum sem við höfum unnið að.

Mat á stöðunni í upphafi marsmánaðar 2010

1. Vegna tæknilegra mála varð að byrja upp á nýtt á smíði umhverfissíðunnar í vetur. Nú er þessi síða orðin virk og í uppbyggingu jafnt og þétt. Við teljum tilkomu hennar mjög mikilvæga til að koma á framfæri því sem við höfum fram að færa í umhverfismennt – og fræðslu. Slóðin inn á hana er:
http://www.gsnb.is/index.php?option=com_content&view=section&layout=blog&id=7&Itemid=26
2. Umgengni nemenda á útifötum og töskum hefur skánað mikið en má bæta enn frekar. Við höfum virkjað umsjónarkennarana til að koma á eftirliti með umgengninni þannig að nemendur eru sendir í fatahengin til að kanna hvort allt sé eins og best verði á kosið.



3. Skólalóðin er í góðu ásigkomulagi. Farið var einu sinni út fyrir áramót með 5. bekk til að týna rusl og þar að auki hafa nemendur með þroskaraskanir farið reglubundið út og týnt upp rusl á lóðinni.
4. Byrjað var aftur að sauma gallatöskurnar frá fyrra ári þann 3. mars síðastliðinn. Búið er að skipuleggja þessa vinnu fram í lok aprílmánaðar þannig að bekkjardeildir skiptast á að vinna við saumana í 4 kennslustundir hvern miðvikudag. Bekkurinn sem reið á vaðið fyrsta daginn var 8. bekkur og í framhaldi af því taka svo 9. 10. og 7. bekkirnir við. Unnið er að skreytingu á töskunum í myndmenntatímum þar sem allir aldurshópar koma að vinnunni auk þess sem unnið verður að lokahandtökunum á fleiri stöðum eins og þurfa þykir. Stefnt verður að því að ljúka þessari vinnu fyrir 23. apríl þegar við munum efna til umhverfis dags.

Ákveðið hefur verið að halda Dag umhverfisins í skólanum 23. apríl í vor og var sú tímasetning ákveðin í tengslum við Dag umhverfisins sem er ár hvert þann 25. apríl. Undirbúningsvinna er hafin fyrir þennan dag og hafa umræður farið fram í bekkjunum um hvað væri hægt að gera á þessum degi. Unnið verður með þær hugmyndir sem nemendur settu fram en við viljum geta þess að hluti af því starfi sem þar verður unnið er að selja gegn vægu gjaldi töskurnar sem nemendur hafa saumað úr gömlum fatnaði. Hugmyndin er að koma upp sölubásum í matvöruverslunum bæjarins og í leiðinni hvetja íbúa til að minnka notkun plastpoka þegar farið er í verslun. Ef hagnaður verður af þessari sölu mun hann verða notaður til að kaupa plöntur eða aðra hluti sem munu hjálpa okkur við að koma upp grenndarskóginum okkar.

Þegar líða fer á vorið mun 9. bekkur taka að sér verkefni sem fellst í því að stika forna gönguleið eftir Ennisdalnum. Áhugamaður í bæjarfélaginu, Sæmundur Kristjánsson, leitaði til okkar með þetta verkefni en við höfum áður stikað forna gönguleið með honum í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli. Að þessu sinni mun gönguleiðin verða hnitsett með hjálp GPS tækja. Að auki eru hugmyndir um að veita honum aðstoð í að hnitsetja örnefni í bæjarfélaginu. Lokaskipulag á þessari vinnu mun verða unnið í samráði við hann síðar í vor.

5. Almennt gengur öll flokkun vel í skólanum og nemendur jafnt sem starfsfólk aðlagast þessari hugmyndafræði vel. Á unglingsstigi er skipulag í gangi þar sem tveir og tveir nemendur sjá um skolun á einnota umbúðum daglega þar til allir hafa skilað sinni vinnu einu sinni og þá er sett upp nýtt skipulag. Dreigið er úr nöfnum allra nemenda í 8. – 10. bekk þannig að samvinna nemendanna skarast á milli aldurstiga.

Unnið er að lokafyrirkomulagi á gámum á skólalóðinni, sbr. fund sem haldinn var 18. janúar, sem fellst í því að koma öllum ruslakörum á einn stað við vesturhlið skólans. Þar með verður mun hægara um vik fyrir starfsfólk og/eða nemendur að fara með sorp í körin. Nú nýverið var þetta fyrirkomulag samþykkt af hálfu bæjarins og munu einnig verða settir upp steiptir skjólveggir við sorpkörin.

6. Sótt hefur verið um úthlutun á trjáplöntum til Yrkjusjóðsins til gróðursetningar í vor. Reiknum við fastlega með að fá þessum plöntum úthlutað þar sem sótt var tímanlega



um til sjóðsins. Nemendur munu sjá um gróðursetningu plantnanna í grenndarskóginum.

Við fengum góða heimsókn í nóvember frá Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri þegar Ragnar Frank Kristjánsson lektor kom í heimsókn til okkar. Hann skoðaði svæðið með okkur sem við erum byrjuð að gróðursetja í og lýst honum mjög vel á og telur að svæðið bjóði upp á marga kosti og kom með ýmsar hugmyndir um það hvernig við skildum nálgast þessa vinnu. Eitt af því var að leita til Náttúruskóla Reykjavíkur.

Við höfum sett okkur í samband við Náttúruskóla Reykjavíkur, Helenu Óladóttur, í von um að geta fengið aðstoð hjá þeim við að skipuleggja útikennslusvæðið og hefur hún tekið mjög jákvætt í að liðsinna okkur. Ekki hefur verið ákveðið með hvaða hætti við skipuleggjum samstarf við hana en við bindum miklar vonir við það.

4. Eftirlit og endurmat

Eftirlit með því að farið sé eftir settum markmiðum og reglum um sorpflokkun var sett í hendur okkar allra, nemenda og starfsfólks. Við aðstoðum hvert annað og komum með ábendingar þar sem þeirra er þörf. Með því hjálpum við hvort öðru að fylgja eftir umgengisreglum. Auk þess var umhverfisgátlisti yfirfarinn til að meta stöðu skólans nú þegar farið er að líða á seinna starfsárið.

5. Fræðsla

Fulltrúar bekkjanna hafa gegnt því lykilhlutverki að upplýsa sinn bekk um framgang umhverfisvinnunnar. Þá hafa starfsmenn verið upplýstir um það sama á starfsmannafundum.

Nemendur 8. bekkjar unnu verkefni þar sem þau kynntu sér nánar hugtök sem tengjast umhverfismennt. Þessi hugtök eru t.d. Dagskrá 21, Staðardagskrá 21, sjálfbær þróun, spilliefni, mengun, umhverfi - umhverfismennt, náttúruvernd - friðlýsingar. Heimildin sem unnið var með í þeirri vinnu er bókin Ein jörð fyrir alla um ókomna tíð eftir Margréti Júlíu Rafnsdóttur. Vinna nemenda mun birtast á umhverfisvef skólans sem fróðleiksmolar fyrir þá sem kíkja á síðuna.

Nemendur 9. bekkjar kynntu sér gróðurhúsaáhrifin og unnu glærusýningu um þau sem stefnt er að nota til fræðslu í yngri bekkjum í tengslum við Comeniusarvinnuna næsta haust.

6. Kynning á stefnunni

Eins og áður segir höfum við komið á fót umhverfisvef fyrir starfið okkar og við teljum vefinn nýttast okkur til að koma á framfæri því sem við höfum fram að færa í umhverfisstarfinu okkar. Slóðin inn á hana er:

http://www.gsnb.is/index.php?option=com_content&view=section&layout=blog&id=7&Itemid=26



7. Umhverfissáttmálinn

Umhverfisstefna Grunnskóla Snæfellsbæjar, Ólafsvík, var mörkuð í upphafi Grænfánavinnunnar og stendur enn fyrir sínu.

Stefna Grunnskóla Snæfellsbæjar, Ólafsvík, er að efla umhverfisvitund nemenda og þeirra sem starfa við skólann. Við leggjum áherslu á að fræðast um umhverfismál, að gera nemendum kleift að taka þátt í starfi sem eflir umhverfisvitund þeirra, að þeir gangi vel um náttúruna, að þeir beri virðingu fyrir náttúrunni, að þeir læri með hvaða hætti þeir geti haft áhrif til góðs á umhverfi sitt.

Umhverfissáttmáli Grunnskóla Snæfellsbæjar, Ólafsvík

Við vinnum að því að:

- efla umhverfisvitund alls skólasamfélagsins og grenndarsamfélagsins
- flokka, senda í endurvinnslu og endurnýta sorp sem til fellur
- bæta umhverfi okkar, skólann og nánasta umhverfi hans
- að spara orku, vatn, sápu, pappír og annað hráefni

Horft fram á veginn

Tillögur núverandi umhverfisnefndar að markmiðum næstu tveggja ára

- Að styðja við það starf sem þegar hefur áunnist í innkaupum, sorpflokkun, endurnýtingu og endurvinnslu.
- Að halda áfram að vinna að uppbyggingu grenndarskógar skólans með gróðursetningu og annarri vinnu auk þess að stuðla að því að svæðið sé nýtt til útikennslu í sem flestum námsgreinum hið fyrsta og sér í lagi þegar einhver aðstaða verður tilbúin þar.
- Að halda áfram að efla / bæta nánasta umhverfi okkar og auka samskipti nemenda út á við í grenndarsamfélaginu með þátttöku í ýmiskonar verkefnum.
- Að ekki verði leyft að koma með drykki í einnota umbúðum í skólann. Tilgangur þess er að minnka sorp sem tilfellur í skólanum og þar með kostnað við sorplosun.
- Að vinna enn frekar að endurvinnslu og láta um leið gott af okkur leiða.
- Að efla þátt umhverfismenntar í öllum námsgreinum.
- Að efla umhverfisvitund – og læsi nemenda á nánasta umhverfi sitt og tengja það átthagafraðinni.

Frá því markmið síðustu tveggja ára voru sett fram hefur eitt og annað verið tekið fyrir í skólastarfinu sem tengist hugmyndum okkar um Grænfanastarf. Við horfum því til þess að tengja þá þætti við umhverfisstarfið okkar á næsta Grænfanatímabilinu og gerum því grein fyrir þeim hér.



Um síðustu áramót fengu skólarnir í Snæfellsbæ styrk úr Sprotasjóði Menntamála-ráðuneytisins til verkefnisins „Áttthagafræði í skólum Snæfellsbæjar“. Hugmyndin að verkefninu kviknað í framhaldi af vinnu við skólastefnu Snæfellsbæjar. Í þeirri vinnu var lögð mikil áhersla á að nám í skólunum taki ríkulega mið af heimabyggð sinni á sem víðastan máta. Skólarnir ætla svo að skipuleggja nám í áttthagafræði í sameiningu og gefa út námskrá í áttthagafræði sem mun ná frá innskráningu í leikskóla til útskriftar úr grunnskóla í Snæfellsbæ. Allir árgangar í skólunum eiga að fá verkefni til að vinna og/eða fræðslu um þætti í heimabyggðinni. Verður þar allt undir, hvort sem um er að ræða sögu, landafræði, náttúrufræði eða umfjöllun um daglegt líf bænum í nútíð og framtíð. Kjarninn í náminu verður upplifun, upplýsingaleit og þátttaka í vettvangsferðum og athugunum sem skila svo af sér þeirri þekkingu sem situr eftir hjá hverjum og einum.

Þessu verkefni hefur verið formlega hleypt af stokkunum og í því sjáum við sóknarfæri fyrir áframhaldandi umhverfisstarf okkar þar sem við höfum hingað til lagt áherslu á það í markmiðum okkar að stuðla að auknum samskiptum nemenda okkar við grenndarsamfélagið.

Grunnskóli Snæfellsbæjar (nemendur og kennarar 4. – 7. bekkjar) er þátttakandi í Comeniusar-samstarfi, ásamt 7 öðrum skólum frá jafn mörgum löndum (Danmörku, Írlandi, Frakklandi, Guadeloupe, Grikklandi, Portúgal og Lettlandi). Samstarfið hófst 2009 og lýkur að vori 2011. Á haustönn 2010 verður sérstök áhersla lögð á umhverfismennt og verkefni samstarfsskólanna tengjast m.a. veðrabreytingum, lífríki sjávar, því hvernig draga má úr mengun og orkunotkun o.fl. Í Comeniusar-starfinu er lögð mikil áhersla á að verkefni sem unnin eru séu kynnt, bæði í skólanum sjálfum sem og í samfélaginu. Því mun mikið af þessu starfi sem fer fram á miðstigi hjá okkar starfsstöð tengjast með beinum hætti því starfi sem Grænánastarfið stendur fyrir, þ.e. fræðslu í umhverfismálum og kynningu í samfélaginu.

Fundargerðir 2008-2009

2. október 2008

Fyrsti fundur nýrrar umhverfisnefndar á skólaárinu 2008-2009. Fundarstaður nefndarinnar er fundarherbergi skólans og fundartími er á fimmtudögum kl. 8:10. Hver fundur auglýstur sérstaklega.

Ný nefnd boðin velkomin til starfa og kynnt hlutverk sitt og þá sérstaklega nemendur sem fulltrúar sinna bekkja. Farið var yfir stöðu mála frá síðasta vori og reifað í stórum dráttum það starf sem er framundan.

- Fylgjast þarf með því sem hefur áunnist nú þegar og halda því í horfinu.
- Vinna þarf að nýjum markmiðum fyrir næstu 2 ár.

Guðmundur, Hulda og Tinna munu vinna að gerð sorpdagatala, fyrir næsta fimmtudag, sem mun gilda fram til áramóta. Sorpdagar verða áfram á föstudögum og bekkjum verða úthlutaðir dagar til að aðstoða skólaliða við að fara með flokkað sorp í endurvinnslugám. Gámastöðin afhenti okkur í dag litlar endurvinnslutunnur sem eru tilvaldar fyrir skriffæri sem falla til í kennslustofum og víðar. Þeim verður dreift á næstunni.



9. október 2008

Vinnufundur þar sem litlar endurvinnslutunnur voru merktar stofum/öðrum rýmum og nemendur í umhverfisnefndinni fóru um skólann og gáfu eina tunnu í hvert rými. Gekk þetta mjög vel. Rætt um það hvort koma skuli á eftirlitskerfi af einhverju tagi í kennslustofum. Engin endanleg ákvörðun tekin.

16. október 2008

Rætt um sorpdagatal sem því miður hefur ekki enn verið lokið við og þurfa Gummi, Tinna og Hulda að drífa í því að ljúka því. Rætt um þrif á skólalóð og með hvaða hætti mætti standa að því. Hugmynd um að þrifa lóðina einu sinni áður en fer að snjóa, t.d. eftir vetrarfrí og láta þá draga 2 nöfn úr hverjum bekk til að senda út (alls 16 krakkar) til að þrifa.

4. desember 2008

Vinnufundur. Búið var að kaupa inn ný ílát fyrir flokkun á pappír og þurfti að undirbúa þau áður en hægt var að dreifa þeim um skólann. Um er að ræða plastkassa með skáhöllu loki sem hægt er að stafa upp og hafa hjól undir ef það hentar. Grænir kassar eru fyrir fullnýttan pappír, gulir fyrir endurnýtanlegan pappír, bláir fyrir karton, rauðir fyrir litaðan A4, brúnir fyrir pappumbúðir. Kassarnir voru þrífir, settir saman og merktir með spjöldum sem sýna hvað á að fara í þá. Að lokum dreifðu nemendur kössunum um skólann en því miður fengum við ekki alla kassana sem við pöntuðum og því eru enn 10 rými sem eru í biðstöðu eftir þessum kössum. Gekk mjög vel og krakkarnir unnu af kappi.

5. janúar 2009

Undirbúningsfundur.

- Skipt verður um nemendur í umhverfisnefnd á fyrsta almenna fundi nefndarinar. Umsjónarkennarar þurfa að tilkynna hverjir munu sitja í nefndinni fram á vorið.
- Ákveðið að útbúa lítið viðurkenningarskjal til að afhenda nemendum sem hafa tekið þátt í starfi grænfánans með setu í umhverfisnefnd.
- Ákveðið að 5. bekkur þrifi skólalóðina núna í þessari viku þar sem jörð er auð og nóg af drasli eftir áramótagleðina.
- Athugasemd hefur borist frá skólaliðum vegna losunar á pappa og pappír út í endurvinnslugáma. Það starf reynist þeim oft á tíðum erfitt vegna fjarlægðar gámana, slæms veðurs, snjóa og hálfu.
 - Tillaga okkar er sú að gámarnir verði færði að norðurhlið skólans í nálægð við gamlar sorpgeymslur sem verði þá nýttar sem flokkurstöðvar fyrir pappa og pappír. Tilfallandi flokkað sorp má svo losa beint út úr geymslunum utan frá og í gámana. Losun á þessum gámum er u.þ.b. einu sinni í mánuði og því þarf ruslabíllinn að fá að fara inn á skólalóðina.
 - Teljum einnig að með því að fjarlægja gámana og finna þeim annan stað fáum við lausn til frambúðar þar sem núverandi staðsetning þeirra er þar sem framtíðarbílastæði skólans munu vera.
 - Einnig losnum við þá við að hafa vagnana fulla af rusli á göngunum en þeir voru aldrei hugsaðir sem söfnunarstaðir.



- Rætt um þetta við skólastjóra og mun hann fara þess á leit að sett verði hlið á núverandi girðingu svo ruslabíll og slökkvilið hafi aðgang inn á norðanverða skólalóðina. EN – ef af þessu verður þurfi að vera mjög strangar reglur um þetta hlið.
- Athugasemdir gerðar við keðjur og fleira sem sett var upp austanvert við sundlaugina til að fyrirbyggja að starfsmenn leggi þar. Viljum að þetta sé fjarlægt og einfaldlega rætt við þá sem þar leggja bílum sínum.
- Athugasemd gerð við aðstöðuleysi í vatnsmálum á efri hæð skólans. Vatnshanninn undir miklu álagi þar sem hann er notaður til að skola einnota ílát og þrifa pensla.
- Athugasemd gerð við skort á rafmagnstenglum víða í skólahúsnæðinu og sérstaklega bent á ástandið í 10. bekk.
- Benda þarf kennurum á að ekki megi setja litaðan pappír í flokkunarílatin.
- Aðstaða nemenda í anddyri bætt – staður fyrir stígvél og snagar fyrir töskur nemenda á miðstigi.
- Huga að því að mála vinasól á skólalóðina í vor.
- 7. bekkur stendur sig ekki í að skola fernur og því þarf að huga aftur að því.
- Hvetja heimilin til að minnka notkun einnota drykkjarferna en senda nemendur með margnota ílát fyrir drykki sem vilja koma með þá að heiman.
- Settar voru niður hugmyndir að markmiðum skólans.
 - Koma upp heimasíðu fyrir umhverfisstarfið.
 - Snyrtileg umgengni á útifötum og töskum.
 - Reglubundin þrif á skólalóðinni.
 - Efla / bæta nánasta umhverfi okkar og auka samskipti nemenda út á við í grenndarsamfélaginu.
 - Kenna eldri borgurum á tölvur
 - Endurnýta fatnað og sauma
 - Pennaveski, töskur, innkaupapoka.
 - Skipuleggja t.d. þemavinnu þar sem nemendur vinna að þessu og jafnvel væri hægt að fá konur úr eldri borgarastarfinu til að koma inn í skólann og aðstoða nemendur við að hanna, sníða og sauma.
 - Leggja þessar hugmyndir fyrir almennan fund og fá fleiri hugmyndir frá nemendum.
 - Styðja þarf við það starf sem nú er í gangi, flokkun og endurnýtingu.
 - Vinna að grenndarskóginum okkar.
 - Huga þarf að næstu skrefum þar, t.d. nafni og að byggja upp aðstöðu.

8. janúar 2009

Skípt var um nemendur í umhverfisnefnd á þessum fundi. Þeim nemendum sem nú luku setu í nefndinni voru afhent viðurkenningarskjöl fyrir störf sín í vetur.

Farið var yfir helstu atriði í störfum okkar sem grænánaskóli, hvað væri búið að gera og hvað væri framundan.

15. janúar 2009



Þessi fundur var sannkallaður vinnufundur þar sem nú voru flokkunarílatin komin sem beðið var eftir frá því fyrir áramót. Nemendur settu saman ílátin, merktu þau og úthlutuðu þeim jafnt í bekkjarstofur, sérgreinastofur og kennararými. Einnig voru eldri flokkunarkassar fjarlægðir og gengið frá þeim.

6. febrúar 2009

Ákveðið að fara í það verkefni að sauma innkaupatöskur úr gömlum gallafatnaði. Nemandi í 10. bekk setti saman eftirfarandi dreifibréf og var það sent inn á heimilin.

Kæru foreldrar og forráðamenn.

Eitt af markmiðum skólans fyrir yfirstandandi tímabil í Grænfánanum er að flytja boðskapinn út fyrir veggj skólans. Sú leið sem varð fyrir valinu er að láta nemendur endurnýta gamlan fatnað og sauma úr honum innkaupapoka. Markmiðið með þessu er að hvetja fólk til að minnka notkun plastpoka.

Nú þurfum við að leita til ykkar heima. Okkur vantar efni í innkaupapokana. Ef þið eigið eitthvað af eftirtöldu og viljið gefa okkur værum við þakklát.

Okkur vantar:

Gamlan gallafatnað, sterk efni að ýmsu tagi.

Efni til skreytinga, s.s. tölur, perlur, litrík efni, dúllur og svo framvegis.

Tilvalið er að senda efnið í skólann með nemendum eða afhenda hjá skólaritara.

Með fyrirfram þökk,

Umhverfisnefnd Gsnb. Ólafsvík

Þessi söfnunarvinna fer fram vikuna 9. – 13. febrúar og vinna við sauma hefst 16. febrúar. Ákveðið að þessi vinna fari fram í handmenntatímum allra bekkja og Guðmunda verður með yfirumsjón með því.

26. febrúar

Staðan á töskusaumnum skoðuð. Mjög vel gekk að safna gömlum fatnaði og skreytiefni en auk þess að leita til heimilanna fengum við gallafatnað frá Rauða Krossinum. Upphaflega var áætlað að þessi vinna tæki eina viku en var framlengd um eina viku til viðbótar. Þrátt fyrir það komst verkefnið ekki nógu langt þar sem í raun réðu nemendur ekki eins vel við það eins og við höfðum gert ráð fyrir. Það sem helst tafði voru vandamál með saumavélar auk þess sem erfitt og tímafrekt er að sauma gallaefni. Að þessum vikum loknum er ljóst að leggja þarf verkefnið til hliðar og halda áfram við það síðar.

Ákveðið að sækja um úhlutun birkiplantna frá Yrkjusjóði.

5. mars

Þegar töskurnar verða tilbúnar ætlum við að selja þær mjög vægu gjaldi á völdum stöðum í bæjarfélaginum. Ef einhver afgangur verður eftir að búið er að greiða kostnað mun hann verða nýttur í umhverfisverkefni, s.s. vegna grenndarskógarins. Verkefnið verði kynnt í bæjarblaðinu áður en sölubásar verða settir upp t.d. í Esso Hraðbúðinni Hellissandi, Virkinu



Rifi og Kassarum Ólafsvík. Nemendur útbúi skilti til að hafa við sölubásana. Hugmyndir að slagorðum á þau:

- Notum margnota innkaupapoka
- Verndum umhverfið
- Minnkum plastpokanotkun

Höfum hug á að leggja þetta verkefni fram til Varðliða umhverfisins á næsta ári.

Rætt um það vandamál að nemendur á unglíngastigi skoli ekki einnota fernur áður en þær fara í söfnunardallinn.

12. mars

Ákveðið að setja upp skipulag með þeim hætti á unglíngastiginu að nemendum er skipt upp á frímínútur næstu vikna. Dregin voru nöfn tveggja nemenda fyrir hverjar frímínútur sem skulu sjá um að taka allar fernur að loknum frímínútum og skola þær.

26. mars

Vinna nemenda við skolun ferna gengur vel á unglíngastiginu.

Fundargerðir 2009-2010

22. september 2009

Undirbúningsfundur – Svanborg, Kata og Didda.

Efni fundar:

1. Athuga merkingar á veggjum, allar leiðbeiningar og sáttmálann.

- Á fyrsta nemendafundi mánudaginn 28. sept fá nemendur það verkefni að fara yfir rými skólans og afhenda spjöld þar sem þau vantar.
1. hópur sér um: Fundarherbergi, Sérdeild á palli og hjá Siggu. Textilmennt, tölvuver, verkefnaver, bókaver og 10. AA. (5. B, Elís Orri og Azra)
2. hópur sér um: Skólaeldhús, mötuneyti, 7. GJS, 7. ÁGS, 8. EK, 9. ST, myndmennt og námsráðgjafa. (María, Kjartan, Logi, 10. AA)
- Kata sér um að athuga hvort sáttmálinn sé uppi í anddyri og hjá ritara.

2. Rifja upp markmiðin sem sett voru í fyrra.

- Teljum markmiðin standa fyrir sínu og ekki ástæðu til að breyta þeim.

3. Kynna þarf þessi markmið fyrir starfsfólki.

- Á sameiginlegum deildarfundi fljótlega

4. Fara þarf yfir stöðuna í vinnu okkar.

- Hverju erum við að vinna í?
 - Ath töskurnar
- Hvað þarf að taka fyrir?



5. Skoða hvort setja skuli upp sorpdagatal

- a. Ekki verður sett um sorpdagatal eins og fyrri ár þar sem það þarf ekki nema einn dag þar sem ekki verður hægt að fara út með sorpið vegna veðurs til að það sé búið að riðlast. Þess í stað munu skólaliðar halda utan um þetta og eftir sem áður munu nemendur hjálpa við losun en skólaliðar geta þá hliðrað þeirri vinnu til um dag/daga og kallað eftir aðstoð nemenda eftir þörfum og veðurfari.
- b. 5. bekkur reið á vaðið í síðustu viku og fóru fyrstu fjórir í stafrófinu í vinnuna. Þetta mun svo vera látið rúlla áfram eins og áður og næst fer 6. bekkur og fyrstu fjórir í stafrófinu þar o.s.frv.

6. Skoða hvort setja skuli upp skipulag unglíngastígs fyrir skolun einnota umbúða líkt í í vor.

- a. Þetta fyrirkomulag gekk það vel síðastliðið vor að sama skipulag verður haft á núna.
- b. Vinna upp skjal fyrir þetta og kynna í bekkjunum.

7. Er búin að hafa samband við Auði á Hvanneyri varðandi skipulag grenndarskógarins.

- a. Þau eru að huga að því með hvaða hætti þau geta komið þessu inn í verkefnaplanið, t.d. sem einstaklingsverkefni eða hópverkefni.

8. Skipuleggja ferð 10. Bekkjar / 9. Bekkjar í að stífa af plöntur sem halla.

- a. Náðist ekki að ræða á fundinum.

9. Skoða þarf nánar staðsetningu gámanna með tilliti til losunar í þá.

- a. Norðurlóð skólans algjörlega lokuð allri umferð.

28. september 2009

Fyrsti fundur nýrrar umhverfisnefndar á skólaárinu 2009-2010. Fundarstaður nefndarinnar er fundarherbergi skólans og fundartími er á mánudögum kl. 13:30 Hver fundur er auglýstur sérstaklega.

Mæting var mjög góð á fundinn. Nemendur voru boðnir velkomnir í nefndina. Efni fyrsta fundar var að fara yfir rými skólans og athuga hvort leiðbeiningar varðandi flokkun og fleira væru á veggjum kennslustofa og annarra rýma. Nemendum var skipt upp í tvo hópa og fengu plöstuð spjöld til að afhenda þar sem þau vantaði. Þetta gekk mjög vel og kom í ljós að víða vantaði þessar grunnleiðbeiningar.

19. október 2009

Annar fundur umhverfisnefndar á skólaárinu 2009-2010. Mætt voru: Svanborg, Didda, Sif, Kata, Margrét, Elís og Elmar. Forföll þó nokkur hjá nemendum í dag.



Farið var yfir starf nemenda í nefndinni. Rætt um að þeir séu fulltrúar sinna bekkja og þurfi að fylgjast með hvernig gengur inni í hverri stofu. Einnig þurfa þau að kynna það sem er í gangi hverju sinni.

Markmiðin frá fyrra ári kynnt fyrir nemendum og hver staða þeirra er.

Markmið nr. 2 (að stuðla að snyrtilegri umgengni á útifötum og tösikum) rætt sérstaklega þar sem nú á að gera átak í því. Ákveðið að senda póst um það efni á starfsfólk og kennara. Allt á að hengja upp á snagana, jafnt útiföt sem sund- og íþróttatöskur. Eftir að nemendur eru komnir til stofu sendir kennari nemanda til að yfirfara fatahengi bekkjarins og kanna hvort umgengnin sé í lagi.

Flokkun í ágætu standi en vegna forfalla var ekki hægt að fá heildaryfirlit yfir stöðuna. Ákveðið að senda einnig póst um það efni til starfsfólks og kennara og rifja upp hvernig við flokkum.

11. nóvember 2009

Aukafundur umhverfisnefndar miðvikudag kl. 13:30. Gestur fundarins var Ragnar Frank Kristjánsson, landslagsarkitekt og lektor við Landbúnaðarháskóla Íslands, Hvanneyri.

Ragnar kom til okkar vegna erindis okkar við Lbhí síðastliðið vor um aðstoð við skipulag og hönnun á grenndarskóginum okkar.

Mjög ánægjulegt og upplýsandi var að fá Ragnar til spjalls og ráðagerða. Hann setti fram ýmsar hugmyndir fyrir okkur til að vinna út frá og er tilbúinn til að vera okkur innan handar í þessari vinnu.

Hann telur t.a.m. nauðsynlegt að við setjum okkur markmið um það hvaða hópar munu nýta svæðið og hvað við viljum sjá á svæðinu.

Hann benti okkur á þann möguleika að leita til Helenar Óladóttur líffræðings og kennara sem sér um Náttúruskóla Reykjavíkur bæði með aðstoð og ráðleggingar og jafnvel til að fá hana til að vera með fyrirlestur til að kveikja áhuga fólks. Þá taldi hann einnig að leita mætti til Sigrúnar Helgadóttur sem er höfundur námsefnis sem nefnist Græn mappa með það í huga að fá hana vestur. Sjálfur er hann tilbúinn að koma með eitthvað efni á þannig fyrirlestur. Hann telur mikilvægt að vekja áhuga bæjaryfirvalda á þessu starfi þar sem grenndarskógurinn muni nýtast mun fleiri aðilum en nemendum skólans.

Lagði Ragnar til að eitt af fyrstu verkunum yrði að taka jarðvegssýni úr svæðinu til að greina jarðveginn. Hvað er í honum eða er hann snauður? Hægt væri að leita aðstoðar hjá Bjarna Diðrikssyni skógfræðingi við Lbhí varðandi þessa vinnu og greiningu.

Ragnar benti okkur á að skoða starfsemi í skólum í Danmörku þar sem mikið starf fer fram í skólaskógum. Hann mun senda okkur efni til að skoða.



Að lokum gengum við upp í grenndarskóginn og sýndum Ragnari svæðið. Honum leist mjög vel á svæðið og telur að þar séu margir möguleikar fyrir hendi. Hann var sammála um þann hluta svæðisins sem við höfðum ákveðið að yrði gerður að miðsvæði þess. Lagði hann til að lækurinn sem rennur í gegn verði gerður að n.k. þema í gegnum svæðið þar sem jafnvel yrðu settar upp litlar stíflur og búnar til litlar tjarnir, einnig að í miðsvæðinu yrði hugað að því að nota grjót til hleðslu sem myndi þá passa við grjótið sem er í hlíðinni fyrir ofan svæðið. Þar nefndi hann að tilvalið væri að láta nemendur í elsta bekknum læra grjóthleðslu við þá vinnu.

16. nóvember 2009

Þriðji fundur umhverfisnefndar á skólaárinu 2009-2010. Mætt voru: Svanborg, Didda, Sif, Kata, Elmar, Logi og Kjartan Már. Margrét og Elís voru veik og Azra og María í skólabúðum.

Ákveðið að kalla inn varamenn þegar forföll eru hjá þeim sem sitja í nefndinni hverju sinni. Þannig að sá sem mun koma inn á áramótum leysi af fyrir áramót og svo öfugt, sá sem sat fyrir áramót leysi af eftir áramót.

Nemendum sagt frá heimsókn Ragnars Franks Kristjánssonar landslagsarkitekts.

Þrif á skólalóð á næsta leyti og munu skólaliðar kalla nemendur í 5. bekk til þeirra starfa við fyrsta tækifæri þegar veður leyfir.

Bekkarfulltrúar eiga að minna á að ljós séu slökkt samkvæmt þeim reglum sem eru í gildi. Einnig þarf að minna á að fylgst sé með umgengni í fatahengjum og umsjónarnemendur fái það hlutverk. Umgengni hefur skánað frá því fyrr í haust en mikilvægt er að halda því við.

Nýtt skipulag fyrir skolun einnota umbúða á efsta stigi tekur gildi á morgun.

Ómar Hall, nemandi í 7. bekk hefur ásamt stuðningsfulltrúa sínum fengið það hlutverk að fara með flokkað rusl út í gámana og er það hluti af hans verkmenntun. Metið verður hvernig það gengur.

Í bígerð er að breyta fyrirkomulagi við gámanna fyrir flokkað sorp í þeim tilgangi að minnka kostnað og að auðveldara sé að fara með rusl út í þá. Hugmyndin er að stóri gámurinn fyrir pappann verði tekinn en í hans stað komi minni grænn plastgámur eða tunna, sú tunna og sú sem fyrir er úti við sundlaug verði settar upp við vesturvegg skólans við hlið sorptunnanna fyrir eldhúsið.

11. janúar 2010

Fimmti fundur skólaársins. Á fundinn voru þeir nemendur boðaðir sem sátu í nefndinni fram til áramóta sem og þeir sem eru að taka við núna. Mætt voru: Svanborg, Didda, Sif, Kata, Elmar, Karítas, Elís, Sigurður, Azra, Ármann, Óttar, Kjartan, Logi og Lilja Hrund, forföll í 7. GJS.



Við þökkuðum nemendum sem störfuðu með okkur fram að áramótum fyrir þeirra vinnu og buðum nýja nefndarmenn velkomna. Því næst fóru þeir nemendur sem voru að ljúka sínu starfi aftur í kennslustofur en við munum kalla þá til starfa ef mikið stendur til, nýjir nefndarmenn sátu áfram.

Því næst kynntum við í helstu atriðum starf vetrarins fyrir nemendum og mikilvægi þess að þau fylgi eftir reglum um flokkun sorps í þeirra stofum.

Hugmyndir um umhverfisdag ræddar á fundinum, nemendum lýst mjög vel á að efna til hans og komu þeir með ýmsar hugmyndir varðandi hann. Ákveðið var að leita til skólustjóra með þessa hugmynd og fá samþykki fyrir henni áður en lengra væri haldið.

Kata kynnti fyrir nemendum stöðu mála varðandi flokkunargáma / tunna og því að við séum að huga að því að breyta fyrirkomulagi á þeim þannig að vinna við þá sé viðunandi fyrir alla aðila og til frambúðar.

Fundi slitið og nemendur fóru til kennslu.

Fulltrúar starfsmanna ákváðu að kalla Heimi hjá Gámaþjónustu Vesturlands, Snæfellsbæ til skrafs og ráðagerða varðandi gámana næstkomandi mánudag 18. jan kl. 13:30.

18. janúar 2010

Aukafundur ásamt Heimi Þór Ívarssyni frá Gámaþjónustu Vesturlands, Snæfellsbæ og Magnúsi Þór Jónssyni skólustjóra, fundinn sátu auk þeirra fulltrúar starfsmanna og kennara í umhverfisnefndinni, Katrín, Sif, Svandís og Svanborg.

Tilfni fundarins var að finna varanlega lausn fyrir flokkunargámana sem eru á skólalóðinni þannig að allir sem að vinnu við þá koma eigi hægt um vik við að losa í og/eða tæma þá.

Mjög góður rómur var gerður að þeirri tillögu sem sett var fram á fundinum. Tillagan fellst í því að skipta út stóra pappagámnum sem stendur við sundlaugina og fá í hans stað stórt grænt kar eins og notað er undir annað sorp frá skólanum. Það kar yrði staðsett við vesturhlið skólans hjá þeim ruslakörum sem þar eru fyrir. Einnig verði græna karið sem er undir flokkað sorp og stendur við sundlaugina flutt á sama stað og hin körin. Þar með væri þetta allt komið á sama staðinn og mun hægara um vik fyrir starfsfólk og/eða nemendur að fara með sorp í körin.

Huga þarf að lokaútfærslu við frágang vegna þessara breytinga og þykir okkur nauðsynlegt að kaupa steiptar einingar fyrir körin. Með góðri uppsetningu þeirra mætti skapa gott skjól fyrir körin og um leið verða þau ekki eins sýnileg frá Engihlíðinni. Þá þarf einnig að athuga með planið þar sem þau standa, þ.e. með hvaða hætti yrði gengið frá því, t.a.m. hvort yrði hellulagt til viðbótar þeirri hellulögn sem nú þegar er komin.

1. febrúar 2010



Sjötti fundur skólaársins. Mætt voru: Svanborg, Kata, Karítas, Sigurður og Ármann. Forföll: Didda og Sif.

Mæting var ekki góð á þennan fund. Við ræddum við þessa nemendur um efni fundarins og fórum svo í bekkina og ræddum við þá sem ekki höfðu náð að mæta á fundinn.

Tilgangur fundarins var að tilkynna nemendum að skólastjóri hefði tekið vel í þá hugmynd að efna til umhverfis dags. Fulltrúunum var falið að láta vita af umhverfisdeginum í sínum bekkjum og fá umræðu um það hvað nemendur myndu vilja gera á deginum. Allar hugmyndir á að skrifa niður á blað og skila inn á næsta umhverfisfundi.

1. mars 2010

Sjöundi fundur skólaársins. Mætt voru: Svanborg, Kata, Didda, Karítas, Sigurður, Ármann, Sævar, Óttar, Jónas og Lilja Hrund.

Mæting á fundinn var mjög góð. Nemendur komu með niðurstöður úr hugmyndavinnu bekkjanna fyrir umhverfis daginn. Hver nemendi kynnti hugmyndir síns bekkjar að verkefnum sem hægt væri að vinna að. Umræða var um þessar hugmyndir að því búnu. Vinna þarf lokalista upp úr þessum hugmyndum því eins og gefur að skilja komu sumar hugmyndir fram hjá fleirum en einum bekk.

Umhverfis dagurinn er fyrirhugaður föstudaginn 23. apríl, í tengslum við Dag umhverfisins sem að þessu sinni er 25. apríl.

Umhverfisgátlisti



Umhverfisgátlisti

Grunnskóli Snæfellsbæjar, Ólafsvík

Skólaárið:

2009-2010



Innkaup / nýtni – til að spara auðlindir og minnka rusl

| | já | nei | Athugasemd – áætlun um aðgerð |
|---|----|-----|--|
| 1. Lögð er áhersla á að kaupa til skólans vandaða hluti sem endast vel. | X | | |
| 2. Pappír er sparaður; | X | | |
| * skjöl sem eru meira en ein síða eru prentuð á báðar hliðar blaðs, | X | | |
| * ljósritað er báðum megin á blöð, | X | | |
| * afgangspappír er aðgengilegur þar sem verið er við vinnu, | X | | |
| * afgangspappír er notaður sem risspappír eða í föndur, | X | | |
| * umslög eru opnuð varlega, oft má nota þau aftur, | X | | |
| * tölvupóst er notaður til samskipta eins mikið og mögulegt er, | X | | |
| - innan skólans, | X | | |
| - á milli heimila og skóla, | X | | |
| * tauhandklæði eru notuð í stað pappírs þar sem mögulegt er, | | X | |
| * tuskur eru notaðar í stað pappírs, svo sem eldhúspappírs, til að þurrka upp eða þrifa, | X | | |
| * Systkinalisti yfir nemendur kemur í veg fyrir að bréf frá skólanum fari í mörgum eintökum inn á sama heimili. | X | | |
| 3. Rafhlöður eru sparaðar; | X | | |
| * vasareiknar eru með sólarrafhlöðum, | X | | |
| * hlaðanlegar rafhlöður eru notaðar í stað einnota. | X | | |
| 4. Mjólk og safi er keypt í stórum umbúðum; | X | | |
| * fyrir starfsfólk, | X | | |
| * fyrir nemendur. | X | | Mjólk keypt í 10 lítra kössum fyrir Búkollu. |
| 5. Þeir sem koma með nesti eru með það í boxum en ekki einnota pokum eða pappír. | X | X | Fer eftir aldri nemenda, einnota umbúðir frekar á efsta stigi. |
| 6. Aðeins eru notaðir fjölnota borðbúnaður og leirtau í skólanum. | X | | |
| 7. Allir eru með sína merktu bolla til að draga úr uppþvotti. | X | | |
| 8. Fyllt er á tónerhylki í prenturum í stað þess | | | |



| | | | |
|---|---|---|--|
| að kaupa ný. | | X | |
| 9. Gert er við það sem bilar eða skemmist frekar en að kaupa nýtt. | X | | |
| 10. Einnota hlutir, s.s. plastpokar í ruslafötur, eru ekki notaðir eða af ýtrustu sparsemi. | X | | |

Meðhöndlun á rusli

| | já | nei | Athugasemd – áætlun um aðgerð |
|---|----|-----|---|
| 1. Flokkunarstöð er í skólanum aðgengileg öllum. | X | | |
| 2. Allir sem að skólanum standa þekkja reglur skólans um flokkun á rusli; | X | | |
| * nemendur, | X | | |
| * kennarar, | X | | |
| * skólastjórnendur, | X | | |
| * húsvörður, | X | | |
| * allt annað starfsfólk skólans, | X | | |
| * ræstingafólk, | X | | |
| * foreldrar. | | X | Foreldrar koma lítið að daglegu starfi skólans. |
| 3. Flokkað og sent til endurvinnslu er; | X | | |
| * gæðapappír, | X | | |
| * blandaður pappír, | X | | |
| * fernur, | X | | |
| * bylgjupappi, | X | | |
| * gosílát (<i>dósir og flöskur</i>), | X | | |
| * gler (<i>krukkur o.fl.</i>), | X | | |
| * málmar (<i>niðursuðudósir, sprittkertabotnar, málmafgangar</i>), | X | | Höfum ekki markvisst sett af stað söfnun á sprittkertabotnum en þeim er þó safnað innan húss. |
| * rafmagnsvörur og tæki, | X | | |
| * rafhlöður, | X | | |
| * spilliefni (<i>t.d. málningarafgangar</i>), | X | | |
| * flúrperur og sparperur (<i>spilliefni</i>), | X | | |
| * föt og klæði, | X | | Óskilafatnaður sem ekki er sóttur fer í Rauða krossinn. |
| * kertaafgangar. | | X | Aðallega notuð sprittkerti svo ekki er neitt um kertaafganga. |



| | | | |
|---|--|---|--|
| 4. Lífrænir afgangar eru jarðgerðir, af nesti, úr eldhúsum og sag frá smíðastofu. | | X | |
|---|--|---|--|

Innkaup / rekstur – til að minnka mengun

| | já | nei | Athugasemd – áætlun um aðgerð |
|--|----|-----|---|
| 1. Keyptar eru vörur og efni með viðurkenndum umhverfismerkjum; | X | | |
| * gólfhreinsiefni, | X | | |
| * uppþvottalögur, | X | | |
| * handsápa, | X | | |
| * gólfbón, | X | | |
| * pappír, | X | | |
| * umslög, | X | | |
| * tölvur og skrifstofutæki, | X | | |
| * ísskápar (án KFK-efna, framleiddir eftir 1994) ¹ , | X | | Einungis einn ísskápur sem er á óræðum aldri og getum því ekki fullyrt um hvort hann uppfylli þetta skilyrði. |
| * rafhlöður, | X | | |
| * salernispappír, | X | | |
| * eldhúspappír, | X | | |
| * kaffisúr, | X | | |
| 2. Aðeins eru notaðar rafhlöður án kadmíum og kvikasilfurs t.d. alkaline eða NiMH rafhlöður. | X | | |
| 3. Gluggatjöld, og aðrir hlutir úr taui, eru úr efni sem má þvo. | X | | |
| 4. Skriffæri og skrifstofuáhöld eru keypt af yfirvegum, helst; | X | | |
| * ólakkaðir tréblýantar eða skrúfblýantar, | X | | |
| * vatnsleysanlegt túss á pappír og töflur, | X | | |
| * vatnsleysanlegt lím, | X | | |
| 5. Forðast er að kaupa plasthluti sem innihalda PVC. Lögð er áhersla á að plastvörur séu úr plasti sem hægt er að endurvinna | | | |

¹

KFK eru klór-flúor-kolefni. Slík efni leita hátt upp í andrúmsloftið og skemma ósonlag Jarðar en ósonlagið verndar Jörðina fyrir hættulegum útfjólubláum geilum sólar.



| | | | |
|--|---|--|--|
| (pólýester) eða brotnar niður í birtu (PP-plast) ² ; | X | | |
| * plastpokar, | X | | |
| * límband, bókaplast, | X | | |
| * plasthulstur, möppur, | X | | |
| * glærur, | X | | |
| * leir, kennaratyggjó. | X | | |
| 6. Öll sápa er notuð í hófi, á Íslandi er auðvelt að þvo úr heitu vatni. | X | | |
| 7. Notaðir eru örtrefjaklútar við hreingerningu. | X | | |
| 8. Forðast er að kaupa miklar umbúðir t.d. með því að kaupa inn í stórum einingum. | X | | |

Umgengni og nánasta umhverfi

| | já | nei | Athugasemd – áætlun um aðgerð |
|---|----|-----|--|
| 1. Enginn er á útiskóm inni. | X | | |
| 2. Áhersla er lögð á að hafa heilsusamlegt umhverfi innan húss t.d. góða loftræstingu. | X | | Athuga þarf með loftræstingu á nemendasalernum. |
| 3. Öll hættuleg efni eru merkt á réttan hátt og geymd á öruggum stað (í ræstikompum, í náttúrustofu). | X | X | Efni í náttúrufræðistofu verða fjarlægð fljótlega en þau eru ekki í læstum skáp. |
| 4. Við bílastæðin eru skilti þar sem bílstjórar eru beðnir um að drepa á bílvél á meðan að beðið er (foreldrar, rútubílstjórar og flutningabílstjórar). | | X | Er í vinnslu. |
| 5. Reglulega er farið um skólalóðina; | | | |
| * rusl tínt af lóðinni og því komið í viðeigandi förgun, | X | | |
| * kannað hvort eitthvað er skemmt eða bilað og þá lagfært. | X | | |
| 6. Á skólalóð er ekki notað skordýra- eða plöntueitur. | X | | Ekki svo vitað sé |
| 7. Leitast er við að hafa fjölbreytt umhverfi á skólalóð; | X | | |
| * svæði með "landslagi" ekki síður en slétta velli, | X | | Brekkur á lóðinni. |
| * haldið er í náttúrulegt umhverfi, grjót, gróður, vatn, | | X | Öll skólalóðin er manngerð og ekkert af upprunalegu |

² Plastefni eru mjög fjölbreytt. PVC myndar díoxín þegar það brotnar niður en díoxín er eitrad. Sumt plastefni er hægt að endurvinnna eins og það í gosflöskunum og annað efni er viðkvæmt fyrir höggum og brotnar niður í sólarljósi. Mjög oft vantar hræfnisheiti á umbúðir sem gerir umhverfishæf innkaup erfið.



| | | | |
|---|---|---|--|
| | | | umhverfi hennar því miður ósnortið. |
| * lögð er áhersla á að hafa sem fjölbreytilegastan gróður bæði tré og plöntur, | | X | Smá reitur með nokkrum tegundum af trjáplöntum auk rósarunnar. |
| * náttúrulegum plöntum úr nágrenninu er komið fyrir í viðeigandi umhverfi, þurrlendi, deiglendi, tjörn, | | X | |
| * grasflötum er haldið óslegnum, a.m.k. að hluta svo að plöntur fái dreift fræjum, | | X | |
| * nemendur taka þátt í að rækta matjurtir í skólagarði, | | X | |
| * fuglar eru laðaðir að skólalóðinni t.d. með því að; | X | X | |
| * gefa þeim í vetrarhörkum, | X | X | |
| * útbúa fyrir þá fuglahús, | | X | |
| * rækta á lóðinni tré og runna ríkuleg af berjum. | | X | Verið er að koma upp grenndarskógi |
| 8. Nemendur eigna sér uppáhaldsstað. | | X | |
| 9. Nemendur "taka flag í fóstur". | | X | |
| 10. Skólinn tekur þátt í eða skipuleggur hreinsunardag hverfisins. | X | | |
| 11. Nemendur þekkja vernduð eða friðlýst svæði í nágrenninu og taka þátt í verkefnum þar. | | X | Nýta þarf þjóðgarðinn mun betur. |

Flutningar og ferðir

| | já | nei | Athugasemd – áætlun um aðgerð |
|--|----|-----|--|
| 1. Fólk er hvatt til að ganga/hjóla/koma í strætó í skólann; | X | X | Bæði og! Vegna aðstæðna í bæjarfélaginu fer stór hluti nemenda með skólabíl og starfsfólk á einkabílum milli bæjarhluta. |
| * nemendur, | X | | |
| * kennarar og annað starfsfólk, | X | | |
| * foreldrar. | | X | |
| 2. Þeir sem koma á bílum leitast við að samnýta bíla. | | X | |
| 3. Á skólalóðinni er aðstaða til að geyma hjól undir skyggni. | | X | |
| 4. Innkaup og vöruflutningar til skólans eru vel skipulagðir til að halda flutningum í lágmarki. | X | | |



| | | | |
|---|---|---|--|
| 5. Keyptar eru íslenskar vörur eins og mögulegt er. | X | X | |
| 6. Forðast er að kaupa vörur/matvæli sem hafa verið fluttar inn frá fjarlægum löndum. | X | | Fiskmeti sem notað er í mótuneytinu kemur beint frá fiskvinnslum bæjarins og í mörgum tilfellum ófrosið. |

Orka og vatn

| | já | nei | Athugasemd – áætlun um aðgerð |
|---|----|-----|-----------------------------------|
| 1. Gluggatjöld eru; | | | |
| * dregin frá þegar bjart er til að nýta dagsbirtuna, | X | | |
| * en dregin fyrir þegar dimmt er og um nætur til einangrunar. | | X | |
| 2. Notaðar eru sparperur í stað glópera. | | X | |
| 3. Dregið er úr lýsingu þar sem hægt er t.d. með að fækka perum í ljósastæðum í lofti. | X | X | Unnið er að þessu. |
| 4. Ljós eru slökkt þar sem enginn er. | X | | |
| 5. Ljós eru slökkt þar sem dagsbirtan nægir. | X | | |
| 6. Skrifstofutæki skólans (t.d. tölvur og ljósritunarvélar) fara sjálfkrafa í orkusparandi stillingu þegar þau eru ekki í notkun. | X | | |
| 7. Slökkt er á tölvum og tækjum yfir nótt og í fríum. | X | | |
| 8. Lækkað er á ofnum og slökkt á loftræstingu í öllum fríum. | X | | |
| 9. Fylgst er reglulega með rafmagnsnotkun í skólanum. | X | | Eftirlit af hendi bæjaryfirvalda. |
| 10. Fylgst er reglulega með notkun á heitu vatni. | | X | |
| 11. Fylgst er reglulega með notkun á köldu vatni. | | X | |
| 12. Þvotta- og uppþvottavélar eru fylltar áður en þær þvo. | X | | |
| 13. Vatn er ekki látið renna að óþörfu og strax gert við leka krana. | X | | |
| 14. Ef endurnýja þarf klósett er keypt vatnssparandi klósett. | X | | |
| 15. Leitast er við að nýta vatn af þökum t.d. til að viðhalda tjörnum og votlendi á skólalóð. | | X | Engar tjarnir á skólalóðinni. |

Kynning og menntun



| | Já | nei | Athugasemd – áætlun um aðgerð |
|--|----|-----|--|
| 1. Umhverfisstefna skólans er skýr og öllum aðgengileg. | X | | |
| 2. Nýir nemendur í skólanum eru strax fræddir um umhverfisstefnu skólans. | X | | |
| 3. Foreldrar eru vel upplýstir um umhverfisstefnu skólans og minntir á hana við og við. | | X | Ekki sérstaklega en umhverfisvefur skólans inniheldur allar upplýsingar um starfið og er aðgengilegur foreldrum. |
| 4. Nýtt starfsfólk skólans fær strax kynningu á umhverfisstefnu skólans. | X | | |
| 5. Umhverfismennt er samþætt skólanámskrá skólans í; | | | |
| * 1. bekk, | | | Á ekki við |
| * 2. bekk, | | | Á ekki við |
| * 3. bekk, | | | Á ekki við |
| * 4. bekk, | | | Á ekki við |
| * 5. bekk, | | X | |
| * 6. bekk, | | X | |
| * 7. bekk, | | X | |
| * 8. bekk, | | X | |
| * 9. bekk, | | X | |
| * 10. bekk. | | X | |
| 6. Nemendur fá markvissa útikennslu til að læra að þekkja og bera virðingu fyrir nánasta umhverfi skólans og hverfisins. | X | X | Að við að hluta til en er markvisst unnið að efla þennan þátt |
| 7. Við slökkvara og rafmangstæki er fólk minnt á að slökkva. | X | | |
| 8. Í anddyri skólans er tafla þar sem hengdar eru upplýsingar og auglýsingar um umhverfismál. | | X | |
| 9. Nemendur læra um pappír (og önnur efni). | | | |
| * hvernig pappír er framleiddur | X | | |
| * hvernig sé hægt að spara pappír | X | | |
| * hvernig pappír er enduruninn | X | | |
| 10. Nemendur fá þjálfun og leiðsögn í almenningsíþróttum og útivist; | | | |
| * gönguferðum, | | X | |
| * hjólreiðum, | | X | |
| * ganga á skíðum | | X | |
| * skauta (úti). | | X | |
| 11. Skólinn hvetur til sérstakra þemadaga í hverfinu, göngu-, hjólreiða-, útvistar- eða | X | | Ekki hverfisskóli, hvetur ekki til sérstakra daga af þessu |



| | | | |
|-----------------|--|--|--|
| hreinsunardaga. | | | tagi í bæjarfélaginu en í skólanum eru dagar af þessu tagi fyrir nemendur. |
|-----------------|--|--|--|

Skrefin sjö að Grænfánanum

| | já | nei | Athugasemd – áætlun um aðgerð |
|---|----|-----|-------------------------------|
| 1. Í skólanum starfar umhverfisnefnd. | X | | |
| 2. Í skólanum hefur staða umhverfismála verið metin. | X | | |
| 3. Gerð hefur verið áætlun aðgerðir og markmið. | X | | |
| 4. Stöðugt eftirlit og endurmat er í gangi. | X | | |
| 5. Nemendur fá fræðslu um umhverfismál. | X | | |
| 6. Skólinn kynnir stefnu sína út á við og fær aðra með. | X | | |
| 7. Skólinn hefur sett sér umhverfissáttmála. | X | | |

Unnið af Svanborgu Tryggvadóttur
Verkefnisstjóra Grænfánans
Mars 2010